

Póllandsheimsókn í desember 2010

Farið var í heimsókn til Póllands á vegum Comeníusar-verkefnisins „Sköpunarkrafturinn - listin að lesa“ í desember 2010. Ingi-björg bókasafnsfræðingur og Kolbrún kennsluráðgjafi sem stýra verkefninu fóru í heimsóknina fyrir hönd skólans. Fyrir utan þær voru 11 aðrir sem komu frá hinum löndunum.



Fyrirhugaðar eru 5 ferðir þar sem hvert land er heimsótt einu sinni til að hitta hina þátttakendurna og deila með þeim reynslusögum úr verkefninu og sjá hvernig því vindur fram og skoða umhverfi og menningu skólanna. Þá munu þátttakendur koma í heimsókn til Íslands í febrúar 2012.

Skólinn sem við heimsóttum í Póllandi er í Wolomin sem er smábær rétt utan við Varsjá. Um 700 nemendur eru í skólanum á aldrinum 7 til 12 ára. Var afar vel tekið á móti okkur þar sem nemendur veifuðu fánum landanna og klöppuðu þegar við gengum inn í skólann. Við heimsóttum



allar kennslustofur skólans þar sem nemendur voru búnir að undirbúa spurningar á ensku og söng sem þeir sungu fyrir okkur. Okkur var sagt að það kæmu mjög sjaldan útlendingar til Wolomin og því fannst nemendum þessi heim-sókn okkar mjög spennandi. Nemendur eru í skólanum frá 8:10 til 14:00 en sumir eiga kost á að vera lengur í frístunda-klúbbum.



Í leikfimisalnum var hátíð þar sem nemendur skólans sungu og léku fyrir okkur og fóru í leiki með okkur og auðvitað kom jólasveinni hann Nikulás í heimsókn og gaf súkkulaði.



Eftir vinnufund síðdegis skoðuðum við jólaljósinn í Varsjá og heimsóttum háskólabókasafnið. Borðuðum síðan saman eitthvað sem heitir „dumplings“ sem er dæmigerður pólskur matur.



Daginn eftir skoðuðum við Royal Castle þar sem konungsbarna fólkið bjó fyrrum, drukkum kaffi í háskólakaffihúsi og gengum um háskóla-hverfið. Þá fórum við á Literature (bókmennta) safnið og fengum að sjá margar mjög gamlar og

flottar bækur. Borðuðum hádegisverð í Pod Samsonem - gyðingaveitingastað og eftir það var Chopin safnið skoðað, sem er gagnvirkt safn, mjög flott. Chopin fæddist fyrir 200 árum og var safnið opnað í tengslum við afmælið hans í sumar. Eitt kvöldið buðu fjölskyldur okkur í kvöldverð. Gestgjafar okkar hétu Barbara og Ted en hún kennir við skólann en hann vinnur í smábæ rétt utan við Wolomin. Þau gáfu okkur stóra bók um héraðið og landakort af svæðinu.

Við heimsóttum hús rithöfundarins Zofiu Natkowska og skoðuðum rit hennar og muni. Hún hefur skrifað 21 skáldsögu ásamt því að hún skrifaði dagbók frá 6 ára aldri fram til dauðadags. Eftir það var ráðhúsið heimsótt og fengum við afar fróðlegan pistil frá fráfarandi borgarstjóra um hve mikilvægt svona samskipti og samvinna milli skóla væri fyrir landið. Hann sagði okkur frá ýmsu sem verið var að gera í bæjarsamfélaginu, en þar búa um 50 þús. manns þar af búa 15 þús í Wolomin. Þar eru um 6000 fyrirtæki og mikil uppbygging á svæðinu.



Við heimsóttum leikskólann Kindergarten no 5 in Wolomin. Þar eru börn á aldrinum eins og háls til 7 ára. Þau sungu og dönsuðu fyrir okkur og gáfu okkur kaffi og jólagjöf. Við fengum kynningu á fræðslufyrirkomulagi í Póllandi (Sylvia) og síðan kynntu þátttakendur hvert sitt land og einn barnabókarithöfund, við kynntum Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Um fjögurleytið var boðið upp á sleðaferð (með hestum) um skógarstíga og arineld og



harmónikkuleik. Var þetta hin besta skemmtun. Síðasta kvöldið var svo hátíðarkvöldverður á hótelinu þar sem gjöfum var deilt til okkar.